

SPEGLAR

& INNRÖMMUN

Kynningarblað Fjölbreyttir möguleikar, sérfræðiráðgjöf, hönnun og notagildi.



„Það getur skipt sköpum þegar selja á listaverk að það sé í góðri umgjörð,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri Gallerís Foldar.

MYND/ANTON

Sérfræðingar á sviði innrömmunar

Fagmennska og gæði einkenna Gallerí Fold Innrömmun. Starfsfólk fyrirtækisins leggur mikla áherslu á sérfræðiráðgjöf til viðskiptavina.

Gallerí Fold hefur rekið innrömmunarverkstæði frá árinu 2002 samhliða rekstri gallerísins. Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri Gallerís Foldar, segir flesta viðskiptavinum óska eftir innrömmun listaverka frekar en ljósmynda og teikninga. „Helstu viðskiptavinir okkar eru starfandi listamenn og ljósmyndarar auk fjölda viðskiptavina sem vilja ramma inn myndir sem þeir eru að kaupa eða selja á uppboðum gallerísins. Það getur skipt sköpum þegar selja á listaverk að það sé í góðri umgjörð.“

Gallerí Fold Innrömmun hefur ávallt lagt áherslu á hraða þjónustu og ódýra innrömmun án þess að gefa eftir í gæðum. Starfsfólk fyrirtækisins hefur einnig sérfræðikunnáttu í meðhöndlun og innrömmun á eldri og dýrari listaverkum.

Innrömmun hefur forvörslugildi Jóhann segir að við innrömmun

þurfi fyrst og fremst að hafa í huga að hún sé aðallega hugsuð til að verja listaverkið eða myndina.

„Það er afar hvítleitt þegar brúnir sýrublettir koma í myndina frá römmunum af því þeir eru ekki úr nógu góðu efni. Gallerí Fold Innrömmun notar einungis hágæðaeefni og hefur það að leiðarljósi að innrömmunin hafi forvörslugildi. Þannig eru öll karton og bók sem eru notuð

sýrufrí auk þess sem boðið er upp á glampafrítt gler sem ver verkin fyrir sólarljósi. Þá er líka mikilvægt að horfa á efnin í rammaum sjálfum og að gæðaviður sé notaður. Ódýrt og lélegt efni getur skemmt myndina með tímanum. Því meiri sem gæðin eru, þeim mun lengur endist ramminn.“

Það eru tískusveiflur í römmum eins og flestu öðru að sögn Jóhannans. Í dag eru svartir og hvítir trérammar vinsælastir en gylltir rammar voru hins vegar vinsælastir fyrir nokkrum árum.

„Rammar geta verið af öllum stærðum og gerðum. Stundum er betra að hafa hann stóran og áberandi til að gera meira úr myndinni en minni rammar henta betur öðrum myndum. Stór rammi getur til dæmis gert mikið fyrir lítil listaverk. Svo þarf ramminn líka að vera í stíl við annað á heimilinu og þá sérstaklega það rými þar sem myndin hangir.“

Innfluttur gæðarammar

Verkstæði Gallerís Foldar Innrömmunar er útbúið fullkomnu tækjum, þar á meðal tölvustýrðum kartonskurðarhníf sem gerir starfsmönnum kleift að bjóða upp á fjöldaframleidd karton á lægra verði en flest innflutt karton að sögn Jóhannans.

Rammarnir sem fást í Gallerí Fold eru allir innfluttir, flestir frá Danmörku og Englandi. „Við bjóðum einnig upp á handsmíðaða þýska ramma frá fyrirtækinu Spagl. Þeir eru að fullu unnir í höndunum og hægt að fá með 23 karata gyllingu eða eka silfri þannig að engin samskeyti eru sjáanleg. Þessir rammar eru heimspektir fyrir gæði.“

Einn spegill breytir miklu

Innrömmun og speglar eru sérsvið Innrammarans. Fyrirtæki býður upp á fjölbreytt úrval ramma og spegla í öllum stærðum auk þess að ramma inn ýmsa hluti sem hafa tilfinningalegt gildi.

Innrammarinn ehf. hefur starfað um tólf ára skeið. Fyrirtækið flutti í eigið húsnæði við Rauðarárstíg 2007 og hefur verið þar síðan. Í október tóku nýir eigendur við fyrirtækinu og er það nú rekið í samvinnu við Gallerí Fold, sem stendur einnig við Rauðarárstíg. Georg Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Innrammarans, segir nálægðina við Gallerí Fold og aðgang að sérfræðikunnáttu þeirra á íslenskrum list koma að miklu gagni þegar veita þurfi ráðgjöf um innrömmun á viðkvæmum og verðmætum listaverkum. „Við bjóðum upp á alla almenna innrömmun auk þess að bjóða upp á upplýsingar á myndum. Innrammarinn hefur auk þess þjónustað almenna viðskiptavinum með ýmiss konar innrömmunarverkefni og tekið að sér stærri og viðkvæmari verkefni fyrir listasöfn, listamenn og ljósmyndara.“

Auk innrömmunar býður fyrirtækið upp á úrval spegla til heimilisnota í öllum stærðarflokkum. „Við skerum niður spegla í þær stærðir sem fólk óskar eftir og setjum í ramma. Sala spegla fer vaxandi og það færir í aukana að fólk hengi þá upp víðar á heimilum sínum en áður, til dæmis í stofunni eða á göngum. Einn spegill getur breytt heilmiklu fyrir útlit heimilisins og vinnustaði og brotið rými skemmtilega upp.“

Innrammarinn er búinn öllum fullkomnu tækjum svo sem sjálfvirkum neglingarvélum og tölvustýrðum kartonskurðarhnífum. Fyrirtækið getur því boðið upp á mikla framleiðslugetu á mjög hagstæðum verðum en það gerir tilboð ef um stærri verkefni



Fjölbreytt úrval ramma og spegla í öllum stærðum fást í Innrammaranum. Georg Þór Ágústsson er framkvæmdastjóri Innrammarans.

MYND/ANTON

GLAMPAFRÍTT GLER LENGIR LÍFTÍMA LISTAVERKANA

Gallerí Fold innrömmun býður upp á glampafrítt gler sem ver listaverkin gegn áhrifum sólarljóss. Glerið er framleitt af Nielsen Bainbridge með sérstakri blöndu af vörn gegn útfjólubláum geislum og spegilvörn sem gerir glerið sérstaklega gegnsætt þannig að vart er hægt að sjá að gler er yfir listaverkinu. Öll verðmæt listaverk sem unnin eru á pappír ættu að vera undir slíku gleri því það dregur verulega úr áhrifum sólarljóss og listaverkið dofna síður.



15% afsláttur

Nú er tilvalið að ramma inn fyrir jólin.

15% afsláttur af allri innrömmun.

Gildir út nóvember.

er að ræða. „Einnig getum við gert karton með mörgum götum sem getur komið skemmtilega út fyrir fjölskyldumyndirnar.“

Í haust mun starfsmaður frá fyrirtækinu útskrifast með alþjóðlega gráðu í innrömmun fyrstur Íslandinga. Innrammarinn getur því í framhaldinu boðið upp á hærri gæðastaðal en almennt hefur viðgengist hér á landi þar sem farið er eftir ströngustu kröfum, til dæmis um innrömmun fyrir opinber söfn þar sem gerðar eru miklar kröfur um endingu og forvörslu listaverka. „Að sjálfsögðu hentar slík innrömmun ekki öllum og því bjóðum við að sjálfsögðu einnig upp á ódýrari kosti án þess þó að gefa of mikið eftir í gæðum. Markmið okkar er að veita hágæða innrömmun á viðráðanlegu verði.“

Auk hefðbundinnar innrömmunar selur Innrammarinn tilbúna ramma, bæði úr áli og tré. Fyrirtækið ramma einnig inn ýmsa muni svo sem íþróttatrejgur og söfnunarmuni sem hafa tilfinningalegt gildi. „Einn stærsti hluturinn sem við höfum rammað inn var rafmagnsgítar sem tilheyrði áður frægum einstaklingi.“

Rammar utan um allar lífsins minningar

Innrömmun Sigurjóns er rótgróið fyrirtæki sem staðsett er í Fákafeni 11. Þar hafa hjónin Sigurður Kr. Finnsson og Ragnheiður Torfadóttir unnið hörðum höndum við að ramma inn myndir, spegla og hvað það sem fólk kemur með til að ramma inn síðustu sautján ár.

Innrömmun Sigurjóns er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. „Við rekum þetta saman hjónin, svo vinna hér líka tengdadóttir og sonardóttir og smáhundurinn Kastró sem er ættaður frá Kúbu,“ segir Sigurður glaður í bragði.

Rammaefni í úrvali

Innrömmun Sigurjóns býður fjölbreytt úrval af römum og rammaefni. „Við erum með yfir hundrað tegundir rammaefnis í boði. Við erum með tilbúna ramma í stöðluðum stærðum í miklu úrvali en sérsmíðum líka úr því efni og í þeirri stærð sem viðskiptavinurinn óskar. Stærstu rammarnir sem við smíðum eru um 3 metrar, sem takmarkast af lengd listanna, en við höfum gert stærri ramma úr samsettum listum sem er vandasamt verk.“

Römmum allt inn

Sigurður segir engin takmörk fyrir því hvað sé hægt að ramma inn enda hefur hann kynnst ýmsu í þeim efnum. „Mest römum við inn myndir og spegla, en höfum rammað inn ípróttatreyjur, skírarkjól, upphlut, veggteppi, klukkustreng, margs konar út-saum og ýmislegt fleira.“

Tölvuskorið karton meðan þú bíður

Oft þarf að sérskera karton utan um myndir í ramma sem getur verið vandasamt verk. „Við erum með tölvustýrða kartonskurðarvél og sérskerum karton á meðan fólk bíður í versluninni. Hnífurinn er með óendanlega möguleika í skurði og sker út hvaða form sem er; hringi, sporöskju, ferkant, þríkant eða hvernig sem er á örskotsstundu. Þá sker hann einnig mjög þykk karton sem gefa meiri dýpt í myndina.“

Hannað í kreppunni

Þegar kreppan skall á varð aðeins rólegra að gera sem hefur þó sína kosti. „Það varð aðeins minna að gera og ég gat hugað að því sem ég hafði ekki tíma fyrir áður. Undanfarið hef ég búið til ýmsa muni, eins og öskjur, bakka, kertastanda, spegla og fleira. Ég kalla þetta kreppuafurðir. Þá nýtir maður afgangsefni og aukatíma til að búa til eitthvað nýtsamlegt og fallett.“ Einnig eru þau hjónin með listaverk til sölu, bæði í eigin eigu og í umboðssölu.

Prentað og plastað

Rammar og gler geta verið viðkvæm og henta því ekki við allar aðstæður. „Lausnir við þessu er að prenta myndirnar út, líma þær á MDF-plötu og plasta yfir. Þannig varðveitast þær mjög vel og engin hættu er á að gler brotni eða rammur rispist. Þetta er mjög hentug lausn í mörgum tilfellum. Einnig höfum við prentað skemmtileg og hnitmiðuð spakmæli á litlar plötur.“

Vel tækjum búin

Innrömmun Sigurjóns er vel tækjum búin. „Við leggjum mikið upp úr góðum græjum og erum með nýja sög og tölvustýrða neglingarvél sem gefur manni alltaf bestu mögulegu samsetningu á hverjum ramma fyrir sig á skjóttan og öruggan hátt. Áður fyrir notuðum við þvingur og spenntum þá hvert horn fyrir sig sem tók mun lengri tíma.“

Allt í seilingarfjarlægð

Verslunin er í þægilegri stærð og allir hlutir í seilingarfjarlægð. „Hér er allt á sama stað og kunninn hefur góða yfirsýn yfir allar vörurnar, ólíkt stærri verslunum þar sem maður þarf að labba langar leiðir til að finna einn ramma. Hér er allt í seilingarfjarlægð.“

Opnum snemma og lokum seint

Opið er alla virka daga frá 8-18 og 11-13 á



Sigurður með kreppuafurðir. „Þá nýtir maður afgangsefni og aukatíma til að búa til eitthvað nýtsamlegt og fallett.“

MYND/ANTON



Það eru engin takmörk fyrir því hvað er hægt að ramma inn; flikur, teppi, útsaum, myndir eða sverð.



Skemmtileg og hnitmiðuð spakmæli á litlum plötum eru prýðis tækifærissgjöf.

MYND/ANTON

laugardögum. „Fólk sem vinnur nú til fimm getur því komið til okkar fyrir vinnu eða eftir eða um helgar. Við vinnum bæði fyrir einstaklinga og stofnanir og erum með viðskiptamannalista upp á tíu þúsund kúnna sem er drjúgur hópur. Ég held að fólk viti að hverju það gengur þegar það verslar við okkur. Við leggjum okkur fram við að gera vel og vöndum til verka á öllum sviðum.“

Nánari upplýsingar um Innrömmun Sigurjóns er að finna á vefsíðu fyrirtækisins www.innrömmun.is.




Innrömmun Sigurjóns er rótgróið fyrirtæki sem staðsett er í Fákafeni 11.

MYND/ANTON



Mikið úrval af tilbúnum römum í standard stærðum er í boði hjá Innrömmun Sigurjóns.

MYND/ANTON



Með tölvustýrri kartonskurðarvél eru karton sérskorin meðan fólk bíður í versluninni.

MYND/ANTON



Mikið úrval af römum utan um myndir og spegla

MYND/ANTON



Íspan er á Smiðjuvegi 7 í Kópavogi. Á söluskrifstofunni kvikna margar hugmyndir enda úrvalið ótrúlegt.



Ólafur Ragnar Hilmarsson er verksmiðjustjóri hjá Íspan. Hér stendur hann við stærstu spegla landsins sem hægt er að fá, rúmlega 16 fermetra stóra.

MYND/ANTON

Speglar sem gera mann sætan

Glerverksmiðjan **Íspan** stendur á gömlum merg. Þar hefur sama fjölskyldan tekið á móti viðskiptavinum í 43 ár. Í Íspan fást stærstu speglar landsins en einnig þeir minnstu og fegurstu sem eru sannkölluð hóbýlaprýði, í bland við allt sem hugurinn girnist úr gleri.

Speglar hafa nú veigameira hlutverk á íslenskum heimilum en á árum áður þegar lítill spegill á baðherberginu þjónaði öllum á heimilinu," segir Ólafur Ragnar Hilmarsson, verksmiðjustjóri hjá glerverksmiðjunni Íspan sem selur spegla og gler í úrvali.

„Í dag eru speglar af öllum stærðum og gerðum notaðir til augnayndis og speglunar í barnaherbergjum, stofum, fataherbergjum og eldhúsum, og afar vinsælt að nota stóra spegla til að stækka vistarverur eins og lítil baðherbergi," útskýrir Ólafur.

Hjá Íspan er hægt að fá víðfeðmustu spegla landsins. Þeir stærstu hafa málin

510 x 321 sentímetrar; alls 16,3 fermetrar.

„Speglar af þeirri stærðargráðu eru sjaldan notaðir í heimahús en geta nýst í íþrótt- og danssali þar sem mjög stórra spegla er þörf," upplýsir Ólafur.

Hann segir hæstmóðins nú að sandblása hluta úr speglum til að koma fyrir lýsingu á bak við þá.

„Það er virkilega falleg lausn á baðherbergjum og í forstofum, svo dæmi séu nefnd. Þá er sívinsælt að sandblása munstur, texta og ljóð í spegla og rúður og skera spegla í mismundandi form til að prýða stofur, borðstofur og hol. Speglar eru enda sannkallað stofustáss og æ fleiri nota þá

sem birtugjafa eða til að opna og stækka rými með speglun þeirra.“

Ólafur segir Íspan iðulega fá óskir um sérrunna spegla til persónulegra gjafa þar sem sandblásið er til dæmis nafn viðtakandans og leikið með hugmyndaflugið í skurði, slípun og sandblæstri.

„Möguleikar til speglagerðar eru óendanlegir og okkur er vel flest fært. Við bjóðum fjölbreyttar lausnir í útfærslum og efnivið glerja og spegla eins og litað og lakkað gler sem er vinsælt á milli skápa í eldhúsinnréttingum. Þá skerum við gler í myndaramma, fiskabúr, glerhurðir, glerhandrið, glerborð og borðplötur, gerum

milliveggi úr glerjum og hvaðeina sem mætir óskum og ímyndunarafli viðskiptavina," segir Ólafur.

Í Íspan mæta viðskiptavinum hlýlegar móttökur á söluskrifstofu fyrirtækisins þar sem unnið er eftir séróskum hvers og eins.

„Þeir sem vilja einstaka spegla í stað fjöldaframleiddra koma til okkar til að skapa eitthvað alveg sérstakt sem smellpassar á heimilið. Í heimsókn til okkar kvikna nýjar hugmyndir enda möguleikarnir óþrjúgandi og allt speglar sem gera mann sætan," segir Ólafur og brosir.

Íspan er á Smiðjuvegi 7 í Kópavogi. Sjá nánar á www.ispan.is.



Stækka rými og skapa jafnvægi

Löng hefð er fyrir því að nota spegla við innanhússhönnun enda geta þeir gert kraftaverk fyrir lítil rými. Þeir eru sömuleiðis órjúfanlegur hluti af daglegu lífi flestra þó að fæstir velti því fyrir sér.

Speglar eru órjúfanlegur hluti tilverunnar og fara fæstir út úr húsi án stuttrar viðkomu fyrir framan spegilinn, í það minnsta til að lagfæra hár og fatnað. Margir myndu jafnvel segja að spegill væri ómissandi nytjahlutur og eru fá heimili sem ekki eru búin í það minnsta einum baðherbergisspegli.

Speglar eru þó nýttir til annars en að kanna ásýndina og er til að mynda löng hefð fyrir því að nota þá við innanhúshönnun. Í Feng Shui-fræðum eru þeir notaðir til að ná fram ákveðnu jafnvægi í hvers kyns vistarverum. Stórir speglar stækka lítil rými og í fallegum ramma eru þeir auk þess stakasta prýði.

Hin síðari ár hefur verið sérstaklega vinsælt að hengja völdugan spegil fyrir ofan sófa í stað málverks. Oft er liturinn á rammnum látinn tóna við annað í stofunni, sem gerir oftast mikið fyrir heildarmyndina.

Í litlum svefnherbergjum og í forstofum er algengt að klæða skápahurðir með speglum. Þetta eru staðir þar sem gott er að spegla sig en gólfsíðir speglar í slíkum vistarverum hafa auk þess góð áhrif á rýmið.



Löng hefð er fyrir því að nota spegla við innanhúshönnun. Í Feng Shui-fræðum eru þeir notaðir til að ná fram ákveðnu jafnvægi í hvers kyns vistarverum. Stórir speglar stækka lítil rými.



Algengt er að klæða skápahurðir speglum. Yfirleitt er um að ræða gólfsíða spegla á svefnherbergisskápum og í forstofu en möguleikarnir eru óþrjótandi eins og þessi antískápur ber með sér.



Hin síðari ár hefur verið sérstaklega vinsælt að hengja völdugan spegil fyrir ofan sófa í stað málverks.

FÆST DÝR GREINA SPEGILMYND SÍNA

Langt er síðan maðurinn uppgötvaði spegilmynd sína og að öllum líkindum hefur hann speglað sig í ám og lygnum vötnum fyrst um sinn. Síðari rannsóknir hafa leitt í ljós að þessi hæfileiki kemur fram við nokkurra mánaða aldur.

Maðurinn er ein af fáum dýrategundum sem greina spegilmynd sína en hann deilir þeim hæfileika með öpum, fílum, háhyrningum, höfrungum og örfáum öðrum tegundum.

Hundar og kattir eru ekki þessum hæfileika gæddir. Ef þeir sjá sig í spegli líta þeir svo á að þarna sé annað dýr á ferð og reyna yfirleitt að hrekja það á brott með afar takmörkuðum en spaugilegum árangri.

Það má ímynda sér að manninum hafi brugðið í brún þegar hann greindi spegilmynd sína fyrst og snemma tengdu menn hana alls kyns hjátrú. Lengi var talið að hægt væri að komast yfir á annað tilverustig og spá fyrir um framtíð sína með því að stara á spegilmynd sína. Aftur á móti var það talið boða ógæfu ef spegilmyndin skekkist eða brengráðist á meðan horft væri á hana.



SPEGLAR FEGRA UMHVERFIÐ

Hægt er að nota spegla á ýmsan hátt. Góð hugmynd er að útbúa snyrtiborð með því að setja spegil ofan á skrifborð. Hægt er að nýta gamalt skrifborð, lakka það upp á nýtt og raða fallegum hlutum ofan á það, eins og gert er á myndinni. Litlir hlutir geta gert ótrúlega mikið fyrir umhverfið. Ljósir litir, stór spegill og fallegur stóll geta gjörbreytt herbergi.

Gólfspeglar eru ákaflega þægilegir þegar fót eru mátuð. Gólfspeglar á fæti er auk þess fallegt húsgagn sem setur svip sinn á herbergið.

Þá eru til litlir speglar með mikla stækkunarmöguleika sem er ákaflega gott að hafa við höndina, til dæmis þegar augabrúin eru plokkaðar eða nostrað er við förðun.

Myndin er frá versluninni Pottery Barn í Bandaríkjunum, en hægt er að versla hjá henni í gegnum netið til Íslands. Slóðin er Potterybarn.com og gaman er að skoða hina ýmsu fallegu muni sem þar eru á boðstólum.



VILD
ER SNILLD



NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSADILUM
BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

25% afsláttur í Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum.

Virkjaðu kreditkortíð þitt og annarra fjölskyldumeðlima á **MÍNAR SÍÐUR** á **WWW.STOD2.IS**. Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

25%
afsláttur

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND